Fimmtudaginn 6. febrúar 1992.

Nr. 51/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Varnaraðili gerir aðallega kröfu um frávísun gæsluvarðhaldskröfunnar frá sakadómi. Varakrafa hans er sú, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Krafist er kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir meðal annars: „Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara."

Varnaraðili var handtekinn kl. 4.20 aðfaranótt 3. febrúar. Fram er komið, að krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald var gerð að kvöldi þess dags. Varnaraðili var leiddur fyrir dómara kl. 10.35 að morgni 4. febrúar.

Rétt hefði verið, að varnaraðili kæmi fyrir dómara, fyrr en raun varð á, en efni eru þó ekki til, að þetta atriði leiði til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi. Að þessu athuguðu verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. febrúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 4. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Hallgrími Marinóssyni, kt. 160744-3329, heildsala og veitingamanni, til heimilis að Dragavegi 6, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir, að um klukkan 00.25 aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar sl. var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík frá stjórnstöð Strætisvagna Reykjavíkur, að eldur væri í húsi Sportklúbbsins, Borgartúni 32, Reykjavík. Strætisvagnsstjóri, er ók fram hjá húsnæðinu um kl. 00.22, sá reyk leggja frá húsinu, og starfsfélagi hans, sem fór um um mínútu síðar, sá þá eld í gluggum á þriðju hæð hússins. Fram hefur komið við rannsókn málsins, að gestir hafi farið af staðnum um klukkan 23.30, og hafi þá Hallgrímur Marinósson, kærði í máli þessu, verið einn í húsinu. Hefur kærði skýrt frá því, að hann hafi lokið uppgjöri peningakassa um klukkan 23.40 og í framhaldi af því yfirgefið húsið um klukkan 23.50-23.55.

Fram er komið í málinu, að kærði hafi um miðjan janúarmánuð sl. keypt hjá Vátryggingafélagi Íslands tryggingar varðandi allan rekstur sinn, m.a. rekstrarstöðvunartryggingu, er miði við tæplega tveggja milljóna króna rekstrarhagnað á árinu, og brunatryggingu á innbúi.

Rannsókn á vettvangi er aðeins lokið á fyrstu hæð hússins, og hafa ýmis sýni verið tekin til rannsóknar á Rannsóknastofu háskólans, þ. á. m. blóðsýni úr kærða. Samkvæmt gögnum málsins hefur RLR náð tali af vitnum, sem m.a. fóru fram hjá húsinu um og eftir miðnætti, en ýtarleg skýrslutaka hefur ekki enn farið fram, og ekki hefur náðst til allra þeirra, er mál þetta hugsanlega varða.

Eins og nú hefur verið rakið og fram kemur í gögnum málsins, er sakarefni þetta mjög alvarlegt og ljóst, að tjón er verulegt. Þrátt fyrir það að kærði neiti því eindregið að hafa átt aðild að þeim bruna, er varð, þykja öll rannsóknargögn málsins og þá sérstaklega það, hve skammur tími leið, frá því að kærði yfirgaf húsnæðið og þar til tilkynnt var um brunann, benda sterklega til þess, að kærði tengist málinu meira en hann vill vera láta og rétt sé, að hann sæti gæsluvarðhaldi, meðan á frumrannsókn málsins stendur.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVIII. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotunar til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina að fullu. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar nk. kl. 16.00.

Samkvæmt 53. gr. og 66. gr. laga nr. 74, 1974, skal handtekinn mann án undandráttar leiða fyrir dómara, enda sé hann ekki þegar látinn laus.

Dómari skal, þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir hann, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Samkvæmt gögnum málsins var kærði handtekinn af lögreglu kl. 04.20 3. febrúar sl. Dráttur sá, er orðið hefur á því, að kærði hafi verið færður fyrir dómara, þykir ekki varða því, að kröfu þessari skuli vísað frá dómi, enda segir í áður tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 74, 1974, að handtekinn mann skuli án undandráttar færa fyrir dómara, sé hann ekki þegar látinn laus. Þó hefði Rannsóknarlögreglu ríkisins verið rétt að gera fyrr gangskör að því, að kærði yrði færður fyrir dómara vegna gæsluvarðhaldskröfunnar.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hallgrímur Marinósson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar 1992 kl. 16.00.